

SAMÞYKKTIR FYRIR BAKKAVÖR GROUP EHF.

Nafn félagsins, heimili og tilgangur

Nafn og heimilisfang

1. grein

Félagið er einkahlutafélag og ber nafnið Bakkavör Group ehf. Heimilisfang þess og varnarþing er að Tjarnargötu 35, 101 Reykjavík.

Tilgangur

2. grein

Tilgangur félagsins er að eiga og reka félög sem hafa með höndum framleiðslu, sölu og dreifingu á matvælum og annan skyldan atvinnurekstur. Ennfremur rekstur fasteigna og allt annað sem eðlilegt er að félagið hafið með höndum.

Hlutfé

Útgefið hlutfé

3. grein

Heildarhlutfé félagsins er kr. 2.157.888.219 sem skiptist í 2.157.888.219 A hluti að nafnvirði ein króna hver.

Heimild stjórnar til að hækka hlutfé

4. grein

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutfé félagsins í samræmi við ákvæði samþykktá þessara og (að öðru leyti en kveðið er á um í samþykktum þessum) án forgangsréttar um:

- (a) kr. 60.000.000.000 sem skiptist í 60.000.000.000 A hluti að nafnvirði ein króna hver;
- (b) kr. 1.200.000.000 sem skiptist í 1.200.000.000 B hluti að nafnvirði ein króna hver; og
- (c) kr. 60.000.000.000 sem skiptist í 60.000.000.000 C hluti að nafnvirði ein króna hver.

Heimild stjórnar til að hækka hlutfé án forgangsréttar

5. grein

Stjórninni er nánar tiltekið heimilt að gefa út án forgangsréttar (sem núverandi hluthafar hafa fallið frá):

- (a) A hluti til kröfuhafa breytanlegs láns (**breytanlega lánið**), sem gefið skal út af félaginu við staðfestingu nauðasamnings félagsins (**nauðasamningurinn**), þegar allar útistandandi kröfur undir breytanlega láninu (hvort sem það eru vextir, höfuðstóll eða annað) verða breytanlegar í A hluti;
- (b) A hluti sem hluta af og í samræmi við ábatasamning stjórnenda (**ábatasamningur stjórnenda**) sem gengist er undir í tengslum við nauðasamning félagsins;
- (c) 784.686.625 B hluti til þekktra kröfuhafa sem eiga kröfur á hendur félaginu á þeim degi sem nauðasamningur er lagður fram eins og hann er skilgreindur í skýringum

með nauðasamningnum (*skýringarnar*) og verða gjaldkræfar á þeim degi sem breytanlega lánið tekur gildi;

- (d) B hluti til þekktra skilyrtra kröfuhafa félagsins (eins og þeir eru skilgreindir í 9. grein) sem eiga skilyrtar kröfur við samþykkt nauðasamnings félagsins en verða upp frá því eiginlegar;
- (e) B hluti til óþekktra kröfuhafa félagsins (eins og þeir eru skilgreindir í 9. grein) sem eiga kröfur sem verða þekktar og eiginlegar við eða í kjölfar samþykktar nauðasamnings;
- (f) C hluti til þekktra eiginlegra kröfuhafa félagsins sem eiga kröfur á hendur félaginu á þeim degi sem nauðasamningur er lagður fram eins og hann er skilgreindur í skýringunum og verða eiginlegar á þeim degi sem breytanlega lánið tekur gildi;
- (g) C hluti til þekktra skilyrtra kröfuhafa félagsins (eins og þeir eru skilgreindir í 9. grein) sem eiga skilyrtar kröfur við samþykkt nauðasamnings en verða upp frá því eiginlegar;
- (h) C hluti til óþekktra kröfuhafa félagsins (eins og þeir eru skilgreindir í 9. grein) sem eiga kröfur sem verða þekktar og eiginlegar við eða í kjölfar samþykktar nauðasamnings;

eins og nánar er gert grein fyrir í samþykktum þessum. B hlutir og C hlutir skulu einnig gefnir út til annarra kröfuhafa eins og kann að vera krafist í skilmálum nauðasamningsins.

Heimild stjórnar til að hækka hlutafé með forgangsrétti hluthafa í A og B flokki

6. grein

Stjórninni er nánar tiltekið heimilt að gefa út A hluti í þeim eina tilgangi að innleysa C hluti (að hluta eða öllu leyti) og að því gefnu að allir hlutir í C flokki hafi þar með verið innleystir með endurgreiðslu breytanlega lánsins (að hluta eða öllu leyti) á verði sem (i) er 5 krónur eða meira fyrir hvern A hlut og (ii) er a.m.k. virði félagsins og dótturfélaga þess (*samstæðan*) sem er að lágmarki sex sinnum EBITDA (þar sem EBITDA þýðir tekjur fyrir vexti, skatta, afskriftir og afborganir samstæðunnar fyrir undanfarandi tólf mánuði til enda næst liðins fjárhagslegs ársfjórðungs og virði félagsins þýðir verðmæti eigin fjár að viðbættri nettó vaxtaberandi skuld samstæðunnar) þar sem öllum hluthöfum í A og B flokki er heimilt að taka þátt í slíkri hlutafjárhækkun með forgangsrétti á því verði.

Takmarkanir á frekari hlutafjárhækkun og breytingu samþykktar

7. grein

Að öðru leyti en kveðið er á um í samþykktum þessum skal ekki heimiluð frekari hækkun hlutafjár í félaginu eða veitt réttindi yfir óútgefnum hlutum í félaginu eða breytt samþykktum félagsins án samþykkis hluthafa í A flokki og B flokki sem ráða yfir að minnsta kosti 2/3 hluta atkvæða og 2/3 hluta atkvæða sem farið er með á hluthafafundi félagsins.

Varðveisla réttinda við tiltekna breytingar á samþykktum

8. grein

Ef;

a) lagðar verða til breytingar á samþykktum þessum eins og gert er ráð fyrir í 7. grein í þeim tilgangi að lækka eða skipta hlutafé félagsins skulu þær breytingar gera ráð fyrir að hagsmunir hluthafa í A, B og C flokki („*hlutirnir*“) og þeirra sem eiga hagsmuna að gæta samkvæmt breytanlega láninu (*breytanlegi lánasamningurinn*) og ábatasamningi stjórnenda verði aðlagðir þannig að réttindi viðkomandi (þar með talið

fjárhagsleg réttindi) verði varðveitt eins og gert er ráð fyrir í samþykktum þessum, breytanlega lánasamningnum og ábatasamningi stjórnenda; eða

b) hlutir eru útgefnir (að frátalinni útgáfu í samræmi við grein 5 eða 6) skulu hagsmunir hluthafa og þeirra sem eiga réttindi samkvæmt breytanlega láninu og ábatasamningi stjórnenda aðlagðir þannig að réttindi viðkomandi (þar með talið fjárhagsleg réttindi) verði varðveitt eins og gert er ráð fyrir samþykktum þessum og ábatasamningi stjórnenda.

Ef upp koma álitefni eða ágreiningur varðandi varðveislu réttindanna, skal beina honum til óháðs löggilts endurskoðanda sem skipaður er samkvæmt samkomulagi félagsins og umboðsmannsins samkvæmt breytanlega láninu (**umboðsmaðurinn**) (eða, ef ekki næst samkomulag um skipun innan 15 daga frá viðkomandi breytingu eða atburði sem vísað er til í grein þessari, skal Félag löggiltra endurskoðenda tilnefna hann). Skal hinn skipaði endurskoðandi votta aðlögun sem að hans mati er sanngjörn og hæfileg. Sú aðlögun skal vera endanleg og bindandi fyrir alla aðila.

Skilmálar hlutaflokka

9. grein

Skilmálar hlutanna eru eftirfarandi:

A hlutir

A hlutir skulu vera í sérstökum hlutaflokki og skulu vera jafnsettir hlutum í B flokki að öllu leyti nema annað sé sérstaklega tekið fram í samþykktum þessum. Eftirfarandi réttindi og skyldur fylgja hlutum í A flokki:

(a) Arður

Hluthafar í A flokki skulu hafa jafnan rétt til arðgreiðslna og hluthafar í B flokki af hagnaði félagsins sem aðalfundur samþykkir að úthluta á hverju fjárhagsári í samræmi við samþykktir þessar (þó ávallt háð hámarki fjárhagslegrar hlutdeildar B hluta eins og það er skilgreint hér að neðan), að því gefnu að enginn arður skal greiddast á meðan breytanlega lánið er ógreitt (nema þess sé krafist lögum samkvæmt).

(b) Eignir

Við úthlutun eigna félagsins til hluthafa við slit eða lækkun hlutafjár, skulu hluthafar í A flokki eiga rétt á: (slík úthlutun kemur á eftir fullum efndum á réttindum hluthafa í C flokki við úthlutun) (i) að fá greidda fjárhæð sem svarar til A hluta eignar þeirra; (ii) að fá greiddan hluta afgangs sem til kemur í hlutfalli við fjölda A hluta þeirra, í hverju tilviki á jöfnum grunni við B hluti (þó ávallt háð hámarki fjárhagslegrar hlutdeildar B hluta eins og það er skilgreint hér að neðan) og í samræmi við samþykktir þessar og lög nr. 138/1994 um einkahlutafélög (**einkahlutafélagalög**).

(c) Atkvæðagreiðslur

Hluthafar í A flokki skulu, í samræmi við ákvæði samþykktu þessara, fá send boð á hluthafafundi, hafa rétt til að mæta og tjá sig á hluthafafundum. Eitt atkvæði fylgir hverjum A hlut. Á meðan til eru B hlutir í félaginu skulu A hlutir samanlagt eiga rétt á atkvæðavægi sem jafngildir að hámarki 100% að frádregnu atkvæðahámarki sem á við um atkvæði allra hluthafa í B flokki til samans (miðað við fulla þáttöku allra hluthafa á hluthafafundum þar sem greidd eru atkvæði) eins og gert er grein fyrir í málsgrein c) í lýsingu B hluta hér að neðan (**atkvæðahámark A hluta**), af heildaratkvæðafjölda (miðað við fulla þáttöku allra hluthafa). Við atkvæðagreiðslur á hluthafafundum skal eitt atkvæði fylgja hverjum A hlut en hlutfallslegt atkvæðavægi hlutarins skal jafngilda CAVC margfaldað með x/y (þar sem CAVC er atkvæðahámark A hluta (tilgreint sem prósentu), x er fjöldi hluta sem viðkomandi hluthafi á og y er fjöldi útgefinna A hluta). Þegar ekki

eru lengur til B hlutar skal hluthöfum í A flokki vera heimilt að nýta atkvæðisrétt sinn að fullu á hluthafafundum.

Til dæmis, ef: (i) handhafi hluta í A flokki á 100,000,000 A hluti (viðkomandi A hluthafi); (ii) samtals 2.157.888.219 eru útgefnir A hlutir; og (iii) atkvæðahámark A hluta (tilgreint sem prósentu) er 85%, þá skal viðkomandi A hluthafi eiga rétt á að nýta atkvæðisrétt sinn fyrir samtölu A hluta sinna með eftirfarandi hætti:

- (i) 4.63% af A hlutunum; og
- (ii) 3.94% af A hlutunum og B hlutunum.

Ef viðkomandi A hluthafi mætir á hluthafafund þar sem: (a) handhafar A hluta (að meðtöldum viðkomandi A hluthafa) þeir sem mættir væru hefðu rétt til að beita 50% af atkvæðum í A hlutaflokki; og (b) mættir hluthafar í B hlutaflokki mættu beita 75% af atkvæðum í B hlutaflokki þá:

- (A) myndu mættir hluthafar í A hlutaflokki (að meðtöldum viðkomandi A hluthafa) hafa rétt til að beita (i) 42.5% af öllum atkvæðum í A og B hlutaflokki og (ii) 79,07% af öllum atkvæðum sem mætt er fyrir í A og B hlutaflokki.
- (B) myndu mættir hluthafar í B hlutaflokki eiga rétt á að beita (i) 11.25% af öllum atkvæðum í A og B hlutaflokki og (ii) 20,93% af öllum atkvæðum sem mætt er fyrir í A og B hlutaflokki.

Þar með myndi viðkomandi A hluthafa vera heimilt að beita 7.33% af þeim atkvæðum sem mætt er fyrir af hluthöfum í A og B hlutaflokki.

Hlutfall atkvæðisréttar sem viðkomandi A hluthafa myndi vera heimilt að beita á fundinum er fundið með því að reikna prósentuna sem 3.94% (sem er hlutfall atkvæðisréttar allra hluthafa í A og B hlutaflokki sem rekjanlegt er til hluthafa í A flokki sem viðkomandi A hluthafi á sem stendur fyrir af 53.75% (sem er hlutfall allra atkvæða í A og B hlutaflokki sem mætt er fyrir á fundinum).

(d) Heimild til stjórnar félagsins til að gefa út A hluti.

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutfé félagsins með útgáfu A hluta í þeim tilgangi að (i) breyta breytanlega láningu, eins og gerð er grein fyrir undir 5. grein a) að ofan og 10. grein; (ii) fullnægja skuldbindingum samkvæmt ábataáamningi stjórnenda eins og gert er grein fyrir í 5. grein b) hér að ofan; eða (iii) gefa út hluti í samræmi við 6. grein.

B hlutir

B hlutir skulu vera í sérstökum hlutaflokki og skulu vera jafnsettir hlutum í A flokki að öllu leyti nema annað sé sérstaklega tekið fram í samþykktum þessum. Eftirfarandi réttindi og skyldur fylgja hlutum í B flokki:

(a) Arður

Hluthafar í B flokki skulu hafa jafnan rétt til arðgreiðslna og hluthafar í A flokki af hagnaði félagsins sem aðalfundur hefur samþykkt að úthluta (þó ávallt háð hámarki fjárhagslegrar hlutdeildar B hluta eins og það er skilgreint hér að neðan), að því gefnu að enginn arður skal greiddast á meðan breytanlega lánið er ógreitt (nema þess sé krafist lögum samkvæmt).

(b) Eignir

Við úthlutun eigna félagsins til hluthafa við slit eða lækun hlutafjár, skulu hluthafar í B flokki eiga rétt á: (slík úthlutun kemur á eftir fullum efndum á réttindum C hluthafa við úthlutun) (i) að fá greidda fjárhæð sem svarar til B hluta eignar þeirra; (ii) þátttöku í afgangi sem til kemur í hlutfalli við fjölda B hluta þeirra, í hverju tilviki á jöfnum grunni við A hluti (þó ávallt háð hámarki fjárhagslegrar hlutdeildar B hluta eins og það er skilgreint hér að neðan) og í samræmi við samþykktir þessar og einkahlutafélagalög

(c) Atkvæði

Hluthafar í B flokki skulu, í samræmi við ákvæði samþykktar þessara, fá send boð á hluthafafundi, hafa rétt til að mæta og tjá sig á hluthafafundum. Atkvæði hluthafa í B flokki skulu samanlagt vega hámark 15% af atkvæðum á hluthafafundum (miðað við fulla þátttöku hluthafa). Við það að hámark fjárhagslegrar hlutdeildar B hluta (eins og það er skilgreint í málsgrein e) að neðan verður lægra en 15%, skal atkvæðisréttur hluthafa í B flokki lækka í þá prósentu (***lækkaða prósentan***) (miðað við fulla þátttöku allra hluthafa á hvaða hluthafund þar sem atkvæði eru greidd). Við atkvæðagreiðslur á hluthafafundum skal eitt atkvæði fylgja hverjum B hlut en hlutfallslegt atkvæðavægi hlutarins skal vera jafnt VC margfaldað með x/y (þar sem VC er 15% eða, ef lægra, lækkaða prósentan, x er sá fjöldi B hluta sem viðkomandi hluthafi á og y er fjöldi útgefna B hluta).

(d) Heimild til stjórnar félagsins til að gefa út B hluti.

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins með útgáfu B hluta í þeim tilgangi að fullnægja (i) skuldbindingum félagsins gagnvart kröfuhöfum (þar með talið skilyrtra kröfuhafa sem verða kröfuhafar eiginlegra krafna félagsins eins og gert er grein fyrir í 5 c) d) og e) og; (ii) fyrirmælum frá íslenskum dómstól um að gefa út B hluti í samræmi við skilmála nauðasamningsins.

Skuldbindingum gagnvart kröfuhöfum skal vera fullnægt með eftirfarandi hætti (hugtakið ***þekktir skilyrtir kröfuhafar*** á við um skilyrta kröfuhafa félagsins á þeim degi sem nauðasamningur er lagður fyrir héraðsdóm eins og gert er grein fyrir í skýringunum og hugtakið ***óþekktir kröfuhafar*** á við um eigendur þekktra en skilyrtra krafna á þeim degi sem nauðasamningur er lagður fyrir héraðsdóm og ekki er gerð grein fyrir í skýringum:

- (i) við það að skilyrtar kröfur þekktra kröfuhafa verða eiginlegar, skal gefa út B hluti til þeirra á verði sem jafngildir 1 krónu fyrir hvern B hlut. Fjöldi B hluta sem gefa skal út til hvers slíks kröfuhafa skal vera í hlutfalli við þann fjölda B hluta sem gefinn er út til hvers kröfuhafa við staðfestingu nauðasamningsins (hver kröfuhafi fær útgefna B hluti í samræmi við hans ***hlutfallslegu úthlutun*** til dæmis ef hver kröfuhafi fær við samþykkt nauðasamnings einn B hlut fyrir hverjar hundrað krónur af raunverulegri kröfu, verður hin hlutfallslega úthlutun hins þekkta skilyrta kröfuhafa sem verður raunverulegur kröfuhafi 1 B hlutur fyrir hverjar 100 krónur af raunverulegri kröfu sem hann á ; og
- (ii) við það að sýnt sé fram á eiginlegar kröfur óþekktra kröfuhafa í samræmi við skilmála nauðasamningsins, verða B hlutir útgefdir til óþekktra kröfuhafa á verði sem jafngildir 1 krónu fyrir hvern B hlut í samræmi við hina hlutfallslegu úthlutun.

(e) Fjárhagsleg hlutdeild hluthafa í B flokki

Fjárhagsleg hlutdeild hluthafa í B flokki (sem samanstendur af arði og öðrum úthlutunum og lækun hlutafjár) skal, í samræmi við samþykktir þessar, vera að hámarki ákveðin prósentu (***Hámark fjárhagslegrar hlutdeildar B hluta***) af heildar A og B útgefnum hlutum. Hámark fjárhagslegrar hlutdeildar B hluta skal reiknast á eftirfarandi hátt:

$$ec = \left(\frac{b * \left[\frac{x}{x+y} \right]}{a + \left(b * \left[\frac{x}{x+y} \right] \right)} \right)$$

Þar sem:

„ec“ stendur fyrir hámark fjárhagslegrar hlutdeildar B hluta (tilgreint sem prósentu)

„x“ stendur fyrir fjölda B hluta sem gefnir eru út við staðfestingu nauðasamningsins (þ.e. 784.686.625).

„y“ stendur fyrir fjölda B hluta sem gefnir eru út til þekktra skilyrtra kröfuhafa sem eiga kröfur sem orðið hafa eiginlegar samkvæmt málsgrein d) i) að ofan.

„z“ er fjöldi B hluta sem gefnir eru út til óþekktra kröfuhafa samkvæmt málsgrein d) ii) að ofan.

„a“ er heildarfjöldi A hluta sem gefnir hafa verið út (þ.e. 2.157.888.219 þegar nauðasamningurinn var staðfestur)

„b“ er heildarfjöldi B hluta sem gefnir hafa verið út (þ.e. $x + y + z$).

(f) Breyting

B hlutir skulu sjálfkrafa breytast í A hluti á því tímamarki sem fyrr er (i) daginn sem allar fjárhæðir (hvort sem eru vextir, höfuðstóll eða annað) samkvæmt breytanlega láninu hafa verið greiddar að fullu; og (ii) á þeim degi sem breyta á breytanlega láninu í A hluti (**Breytidagur breytanlega lánsins**).

B hlutir skulu breytast í A hluti í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$n = \frac{x}{x+y}$$

Þar sem:

„n“ stendur fyrir fjölda A hluta sem gefa skal út fyrir hvern B hlut.

„x“ stendur fyrir fjölda B hluta sem gefnir hafa verið út við staðfestingu nauðasamningsins (þ.e. 784.686.625)

„y“ stendur fyrir fjölda B hluta sem gefnir hafa verið út til eigenda þekktra skilyrtra krafna orðið hafa eiginlegar samkvæmt málsgrein d) i) að ofan.

Til áréttingar skal tekið fram að breytigengið gerir ráð fyrir að B hlutunum verði breytt í A hluti áður en breyting á C hlutum og/eða breytanlega láninu í A hluti á sér stað.

Við breytingu B hluta skal stjórn félagsins breyta samþykktum þessum og hlutaskrá til að endurspeglu breytinguna.

C hlutir

C hlutir skulu vera í sérstökum hlutaflokki. Eftirfarandi réttindi og skyldur fylgja hlutum í C flokki:

(a) Arður

Hluthafar í C flokki skulu ekki eiga rétt til arðgreiðslna.

(b) Eignir

Við úthlutun eigna félagsins til hluthafa við slit eða lækkun hlutafjár, skulu hluthafar í C flokki eiga rétt á: (slík úthlutun stendur framur rétti hluthafa í A og B flokki til

úthlutunar) að fá greidda fjárhæð sem svarar til innlausnarverðsins (eins og það er skilgreint hér að neðan) fyrir hvern C hlut á degi úthlutunar eigna félagsins og í samræmi við samþykktir þessar og einkahlutafélagalög.

(c) Atkvæði

Engin atkvæði fylgja C hlutum á hluthafafundum, að því gefnu að ef ófrávíkjanleg skilyrði einkahlutafélagalaga gera kröfu um fund hluthafa í C flokki skal eitt atkvæði fylgja hverjum C hlut. Hins vegar skulu hluthafar í C flokki eiga rétt á að fá send boð á hluthafafundi, rétt til að mæta og tjá sig á hluthafafundum félagsins.

(d) Heimild til stjórnar til að gefa út C hluti

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutfé félagsins með útgáfu hluta í C flokki í þeim tilgangi að fullnægja (i) skuldbindingum gagnvart kröfuhöfum félagsins eins og gert er grein fyrir undir lið 5. grein f), g) og h); og (ii) fyrirmælum frá íslenskum dómstóli um að gefa út C hluti í samræmi við skilmála nauðasamningsins.

(e) Breyting

Á breytidegi breytanlega lánsins skulu C hlutir sjálfkrafa breytast í A hluti með því að þeir C hlutir breytast í einn A hlut. Við breytingu skal stjórn félagsins lagfæra samþykktir þessar og hlutaskrá félagsins til að endurspeгла breytinguna.

(f) Innlausnar- og endurkauparéttur

Félaginu skal vera heimilt að leysa til sín C hluti í réttu hlutfalli yfir alla hluthafa í C flokki að hluta eða fullu á hverjum tíma (að því gefnu að ef hlutfallsleg innlausn C hluta veldur innlausn að hluta á einhverjum C hlut, verður fjöldi hluta sem sá hluthafi á námundaður í næstu heilu fjárhæð C hluta). Innlausnarverð C hluta á innlausnardegi skal vera innlausnarverðið. Innlausnardagurinn er sá dagur sem viðkomandi C hlutir hafa verið innleystir að fullu og innlausnarverð hvers C hlutar skal vera 1 króna ásamt fjárhæð sem jafngildir áföllnum og höfuðstólsfærð um vöxtum á hverja eina krónu höfuðstólsskuldur samkvæmt breytanlega láninu frá 19. janúar 2010 til innlausnardags.

Ef ófrávíkjanleg ákvæði einkahlutafélagalaga koma í veg fyrir innlausn skal félaginu heimilt að kaupa C hlutina (að hluta eða fullu) á verði sem reiknað er með sömu aðferð og innlausnarverðið.

Lántaka með sérstökum skilyrðum

10. grein

Í samræmi við nauðasamninginn og með tilvísun til VI. kafla einkahlutafélagalaga (einkum 31. gr.) mun félagið gangast undir breytanlegt lán. Skilmálar breytanlega lánsins eru eftirfarandi:

- (a) Breytanlega lánið myndast með breytingu krafna og skuldbindinga sem félagið skuldar kröfuhöfum sínum (þar sem engin ný krafa verður til heldur er gildandi skilmálum krafna breytt). Höfuðstóll umræddra krafna jafngildir um það bil 55% af heildar kröfum kröfuhafa á félagið við staðfestingu nauðasamnings (45% af slíkum kröfum skulu ganga upp í greiðslu C hluta sem gefnir eru út til handa kröfuhöfum félagsins (í hverju tilviki eftir að um það bil 1% af kröfum kröfuhafanna hefur verið breytt í B hluti þeim til handa). Félaginu er heimilt að auka við breytanlega lánið eftir að nauðasamningurinn hefur verið staðfestur ef frekari eiginlegar kröfur koma til eða sýnt er fram á (allt í samræmi við skilmála nauðasamningsins). Hámarksfjárhæð höfuðstóls breytanlega lánsins skal vera kr. 70.000.000.000 (með fyrirvara um frekari hækkun eins og kann að vera krafist samkvæmt nauðasamningnum);
- (b) Greiðsludagur breytanlega lánsins er 30. júní 2014;
- (c) Skilmálar breytanlega lánsins skulu vera í samræmi við nauðasamning félagsins eins og hann var staðfestur af Héraðsdómi Reykjavíkur;

- (d) Umboðsmaðurinn samkvæmt breytanlega láninu skal sinna hlutverki umboðsmanns kröfuhafa breytanlega lánsins.
- (e) Félaginu er heimilt að fyrirframgreiða breytanlega lánið;
- (f) Breytanlega lánið skal bera þriggja mánaða REIBOR vexti að viðbættu 3,0% álagi til 30. júní 2012, sem þá hækkar í 3,5% álag til 30. júní 2013 og þá í 4,0% álag til 30. júní 2014. Vextir á breytanlega lánið skulu höfuðstólsfærast;
- (g) Ef breytanlega lánið (þar með talið vextir, höfuðstóll og aðrar fjárhæðir) er ekki greitt eða ef annars konar vanefnd á sér stað er heimilt að breyta breytanlega láninu í A hluti hvenær sem er í samræmi við breytanlega lánið á eða fyrir 30. Júní 2014 eða á því tímamarki sem kann að vera ákvarðað samkvæmt breytanlega láninu (ef annað tímamark er ákveðið skal stjórn félagsins breyta samþykktum þessum til að greina frá því síðara tímamarki). Skal þá stjórn félagsins, eins fljótt og auðið er, gefa út A hluti til handa kröfuhöfum breytanlega lánsins til að fullnægja breytirétti þeirra. Skal það skoðast sem fullar efndir þegar kröfuhafar breytanlega lánsins hafa verið skráðir í hlutaskrá félagsins sem eigendur hlutanna í hlutfalli við kröfur þeirra. Breytiverðið skal vera ákvarðað þannig að hverjar fimm krónur af breytanlega láninu skulu breytast í einn A hlut (með tilliti til breytinga sem breytanlega lánið gerir ráð fyrir og með tilliti til 8. greinar);
- (h) Svo lengi sem breytanlega lánið er ógreitt má hluthafafundur, að öðru leyti en heimilað er í 5. og 6. grein samþykktu þessara, ekki og félagið má ekki ákveða að hækka hlutafé félagsins eða heimila stjórn félagsins að hækka hlutaféð, sameinast, leysa félagið upp, skipta félaginu eða taka frekari lán með sérstökum skilyrðum, eða breyta skilmálum um frátekin viðfangsefni frá því formi sem er í viðhengi við breytanlega lánasamninginn og staðfestur er af stjórn félagsins á fyrsta stjórnarfundum eftir gildistöku samþykktu þessara, nema slíkt sé annaðhvort: (a) í samræmi við nauðasamning félagsins eins og hann var staðfestur af Héraðsdómi Reykjavíkur eða (b) skylt samkvæmt lögum;
- (i) Að öðru leyti en kveðið er á um hér að ofan skal lagaleg staða kröfuhafa samkvæmt breytanlega láninu ekki breytast áður en kröfunni er breytt í hlutafé.

Hlutir og hlutaskrá

Réttindi hluthafa

11. grein

Þegar hluthafi hefur greitt hlut sinn að fullu skal hann talinn hluthafi í félaginu og skal hafa öll þau réttindi sem lög og samþykktir félagsins mæla fyrir um.

Hlutaskrá

12. grein

Halda skal skrá yfir hluti. Allir hluthafar skulu eiga aðgang að hlutaskránni og rétt til að kynna sér efni hennar. Hlutaskráin skal greina eftirfarandi:

- (a) Útgáfudag hlutanna.
- (b) Nafnverð og númer hlutarins.
- (c) Nafn upphaflegs eiganda hlutarins og síðari eigendaskipti.
- (d) Nafn núverandi hluthafa, heimilisfang og kennitala og skráningardagur.
- (e) Breytingar, sem verða kunna á skiptum félagsins og eigenda hlutarins, svo sem ef bréfið er ógilt.

Hlutaskrá telst gagnvart félaginu fullgild heimild um eignarrétt að hlutum í félaginu. Arðgreiðslur og tilkynningar skulu sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutar, nema annar gefi sig fram með gilda eignarheimild.

Hluthafar skulu tilkynna félaginu um heimilisfang sitt, svo og breytingar á því eða dvalarstað sínum jafnskjótt og þær eiga sér stað. Sama gildir um eigendaskipti að hlutum í félaginu, hvort heldur eru fyrir sölu, gjöf, búskipti, arf eða með öðrum hætti.

Félagið ber enga ábyrgð á því gagnvart hluthöfum, ef greiðslur og tilkynningar misfarast vegna þess að tilkynningar til félagsins um eigendaskipti að hlutum eða breytingar á heimilisfangi eða dvalarstað berast eigi í tæka tíð.

Framsal

13. grein

Hluthafa er hvenær sem er heimilt að framselja eða veita réttindi yfir hlutum sínum, að því tilskildu að B Food Invest hf. er óheimilt að framselja hluti sína í A-flokki nema slíkt framsal eða veiting réttinda yfir hlutunum leiði ekki til breytingar á yfirráðum eins og þeim er lýst lánasamningum samstæðunnar.

Stjórnskipulag

14. grein

Með stjórn félagsins fara:

- (a) Hluthafafundir;
- (b) Stjórn félagsins; og
- (c) Framkvæmdastjóri.

Hluthafafundir

15. grein

Lögmætur hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins með þeim takmörkunum, sem samþykktir þessar og landslög setja.

Til hluthafafundar skal boða með auglýsingu í dagblöðum á Íslandi og með bréfi (eða jafngildi bréfs) til allra hluthafa félagsins og umboðsmannsins með viku fyrirvara hið skemmsta. Málefni sem taka á til meðferðar á hluthafafundi skal tilgreina í fundarboði.

Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að hluthafar geti tekið þátt í fundarstörfum hluthafafunda með rafrænum hætti án þess að vera á fundarstað. Hluthafar sem hyggjast nýta sér rétt til rafrænnar þátttöku skulu tilkynna skrifstofu félagsins þar um minnst 5 dögum fyrir fundinn og leggja fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá og framlögð skjöl.

Telji stjórn að tiltækur sé nægilega öruggur búnaður til að gera slíka þátttöku mögulega og ákveði stjórn að nýta þessa heimild skal þess sérstaklega getið í fundarboði. Stjórn er einnig heimilt að ákveða að hluthafafundur verði aðeins haldinn rafrænt.

Skal innslegið lykilorð í tölvuforrit jafngilda undirritun viðkomandi hluthafa og vera til staðfestingar á þátttöku hans á fundinum. Að öðru leyti gilda um slíkar atkvæðagreiðslur 55.gr. a og 55. gr. b. einkahlutafélagalaga.

Hluthafafundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Stjórn félagsins skal boða til hluthafafundar, þegar hún telur þess þörf eða þegar kjörnir endurskoðendur eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/10 atkvæðisbærra hluta, krefjast þess. Slíkir fundir skulu boðaðir á sama hátt og aðrir hluthafafundir. Þegar lögmæt krafa um hluthafafund er fram komin, er stjórninni skylt að boða til hluthafafundar í síðasta lagi innan tveggja vikna frá því að henni barst krafan.

Rétt til fundarsetu á hluthafafundi hafa, auk hluthafa og umboðsmanna þeirra, endurskoðendur, stjórnarmenn og framkvæmdarstjóri félagsins og fulltrúi umboðsmannsins (þótt eigi séu hluthafar). Hafa þeir fullt málfrelsi á hluthafafundum. Einnig má félagsstjórnin bjóða öðrum setu á einstaka hluthafafundum.

Á hluthafafundum, nema öðru vísi sé kveðið á um samþykktum þessum eða einkahlutafélagalögum, ræður afl atkvæða úrslitum. Hluthafafundi skal vera óheimilt að afturkalla umboð sem 5. og 6. grein samþykktu þessara hafa veitt stjórn félagsins til að gefa út hluti í félaginu án samþykkis hluthafa sem ráða yfir að minnsta kosti 100% af atkvæðisbærum hlutum félagsins.

Eigin hlutum félagsins fylgir ekki atkvæðisréttur og skulu slíkir hlutir ekki taldir með, þegar krafist er samþykkis allra hluthafa eða ákveðins meirihluta alls hlutafjár á hluthafafundum.

Ef tillaga fær jafnmörg atkvæði með og á móti, er hún fallin. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði í kosningu, skal hlutkesti ráða kjöri.

Heimilt er hluthafa að veita öðrum skriflegt og vottað umboð til að sækja hluthafafundi og fara með atkvæði sín. Umboð skal leggja fram á fundi og gildir aðeins fyrir þann fund, nema annað sé tekið fram í umboðinu.

Á hluthafafundum gilda almenn fundarsköp. Þegar fundur hefur verið settur, skal fundarstjóri kanna, hvort fundur sé löglega boðaður og þar með lögmætur. Fundarstjóri skal gæta ákvæða einkahlutafélagalaga og samþykktu félagsins um atkvæðisrétt og atkvæðagreiðslur.

Aðalfundur

16. grein

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok júnímánaðar ár hvert á stað þeim, er stjórnin ákveður hverju sinni á Íslandi. Til fundarins skal boðað með sama hætti og til hluthafafundar og geta skal dagskrár í fundarboði. Fundinn skal boða með minnst viku fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað.

Á aðalfundi skulu eftirfarandi mál tekin fyrir:

- (a) Skýrsla stjórnar félagsins um starfssemi þess síðastliðið ár.
- (b) Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýringum endurskoðenda, lagður fram til samþykktar.
- (c) Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar eða taps félagsins á reikningsárinu.
- (d) Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
- (e) Kosning stjórnar félagsins í samræmi við 17. grein.
- (f) Kosning löggilts endurskoðanda.
- (g) Tillögur félagsstjórnar um starfskjarastefnu.

Önnur mál, sem löglega kunna að vera lögð fyrir fundinn eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.

Stjórn félagsins

17. grein

Stjórn félagsins skal skipuð 5 mönnum og 5 til vara. Um hæfi stjórnarmanna fer að lögum.

Hluthafar í B flokki skulu eiga rétt til að tilnefna einn stjórnarmann (**B hluta stjórnarmanninn**) (og varamann hans), hver það verður skal ákvarðað og samþykkt af

meirihluta hluthafa í B flokki eftir því hvernig atkvæði falla á fundi hluthafa í B flokki þar sem slíkt er tekið fyrir. B hluta stjórnarmaðurinn skal eiga rétt á að sitja í öllum nefndum stjórnarinnar, þ.m.t. starfskjaranefndinni.

Hluthafar í A flokki skulu eiga rétt til að kjósa fjóra stjórnarmenn (og varamenn þeirra), hverjir það verða skal ákvarðað með atkvæðagreiðslu hluthafa í A flokki í samræmi við hlutfallskosningu eins og lýst er í 6 mgr., b lið 39. greinar einkahlutafélagalaga.

Í tilkynningu til stjórnar um framboð skal gefa auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutfjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% í félaginu.

Félagsstjórn skal fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi, með sannanlegum hætti, kost á því að bæta úr þeim göllum sem eru á tilkynningunni innan tiltekins frests sem eigi má vera lengri en 24 klukkustundir. Ef ekki er bætt úr göllum á framboðstilkynningu innan tiltekins frests, úrskurðar félagsstjórn um gildi framboðs. Unnt er að skjóta niðurstöðu félagsstjórnar til hluthafafundar sem fer með endanlegt úrskurðarvald um gildi framboðs.

Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Hún fer með málefni félagsins og skal annast skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnin skal annast um, að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.

Undirskrift meirihluta stjórnarmanna skuldbindur félagið. Fundir stjórnar eru ályktunarbærir, ef meirihluti stjórnarmanna sækir þá að því gefnu að allir stjórnarmenn hafi verið boðaðir á fundinn með hæfilegum fyrirvara og gerð er grein fyrir dagskrá fundarins með hæfilegri nákvæmni og að því gefnu að aðeins þau mál sem getið er í dagskrá séu tekin fyrir á afgreidd á fundinum nema allir stjórnarmenn (hvort sem þeir eru staddir á fundinum eða ekki) samþykki.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin kys sér formann úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum eins og þurfa þykir. Stjórn félagsins er heimilt að fela stjórnarformanni tiltekin verkefni í þágu félagsins. Formaður kveður stjórnina til funda og stýrir þeim. Fundi skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða til stjórnarfundar að kröfu eins stjórnarmanns eða framkvæmdarstjóra.

Án þess að takmarka vald stjórnarformanns til að boða stjórnarfundi og skyldu hans til að boða slíka fundi eftir beiðni þar um skal stjórnarformaðurinn setja upp áætlun fyrir reglulega stjórnarfundi með að minnsta kosti sex mánaða fyrirvara fyrir hvern slíkan fund. Lágmarksboðunarfrestur stjórnarfunda skal vera 7 dagar, en stjórnarfund má þó boða með:

(i) meira en 48 tíma fyrirvara en minna en 7 daga ef, þegar fundurinn var boðaður, enginn stjórnarmanna gerði athugasemd við að halda fundinn með svo skömmum fyrirvara; og

(ii) minna en 48 tíma fyrirvara ef allir stjórnarmenn samþykkja það (hvort sem þeir mæta á fundinn eða ætla sér að mæta).

Stjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar. Þrátt fyrir framangreint skal stjórn félagsins, á meðan til eru B og C hlutir, og skuld samkvæmt breytanlega láninu, starfa og tryggja að hvert félag innan samstæðunnar starfi í samræmi við skilmála um frátekin viðfangsefni í því formi sem birt er í viðauka við breytanlega lánasamninginn og samþykktir af stjórn félagsins á fyrsta stjórnarfundi eftir gildistöku samþykktu þessara. Skilmálum um frátekin viðfangsefni má einungis breyta með samþykki hluthafa á hluthafafundi.

Stjórn félagsins ræður því framkvæmdarstjóra, sem annast daglegan rekstur félagsins og fer með stjórn þess milli hluthafafunda ásamt félagsstjórninni (að því gefnu að framkvæmdastjóri má ekki brjóta gegn skilmálum um frátekin viðfangsefni eða grípa til ráðstafana sem eru andstæðar skilmálunum). Stjórn félagsins ákveður laun og starfskjör framkvæmdarstjóra. Framkvæmdarstjóri ræður aðra starfsmenn félagsins en aðeins með samþykki stjórnar félagsins.

Til að skuldbinda félagið fjárhagslega þarf undirskrift þriggja stjórnarmanna.

Stjórnarmönnum skal vera heimilt, á kostnað félagsins, að leita sjálfstæðrar lögræðilegrar ráðgjafar í tengslum við vörsluskyldur sínar sem stjórnarmaður félagsins. Þ hluta stjórnarmanninum skal enn fremur vera heimilt að leita sjálfstæðrar lögræðilegrar ráðgjafar um hver þau mál sem upp koma við rækslu starfa hans.

Reikningar og endurskoðun

18. grein

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal kjósa félaginu löggiltan endurskoðanda eða endurskoðendafélag. Endurskoðandi má ekki vera í stjórn félagsins, framkvæmdastjóri þess eða starfsmaður, eða þjónusta þá persónulega.

Slit félagsins

19. grein

Ákveði hluthafar félagsslit verður það einungis gert á hluthafafundi af hluthöfum, er ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins. Hið sama gildir um hvers konar samruna eða sameiningu félagsins við önnur félög og um sölu á meirihluta eigna þess. Fundur sá, er samþykkir félagsslit á lögmætan hátt, kveður á um ráðstöfun félagseigna og greiðslu skulda í samræmi við ákvæði einkahlutafélagalaga. Að öðru leyti fer um félagsslit eftir ákvæðum einkahlutafélagalaga.

Önnur ákvæði

20. grein

Sérhver hluthafi er skyldur til, án sérstakrar skuldbindingar, að lúta samþykktum félagsins, eins og þær eru nú eða þeim kann að vera breytt síðar á löglegan hátt. Þrátt fyrir framangreint, verður hluthöfum aldrei gert, án samþykkis síns, að bera ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu með neinni breytingu á samþykktum þessum né með neinni ákvörðun hluthafafundar.

21. grein

Um heimild til hækkunar og lækkunar hlutafjár og útgáfu jöfnunarhlutabréfa gilda ákvæði samþykpta þessara og ákvæði einkahlutafélagalaga.

22. grein

Þar sem ákvæði samþykpta þessara segja ekki til um, hvernig með skuli fara eða málum skipa, gilda ákvæði laga um einkahlutafélög.

ÞANNIG SAMÞYKKT Á HLUTHAFAFUNDI SEM HALDINN VAR 26. MARS 2010.

Stjórn Bakkavör Group